

LÆSISSTÖÐVAR

(literacy centers)

Læsisstöðvar eru afmörkuð svæði í skólafunni með fjölbreyttum verkefnum sem nemendur geta unnið sjálfstætt. Viðfangsefni stöðvanna taka mið af efnisþáttum sem kennari er búinn að leggja inn og eiga þær að bjóða upp á frekari þjálfun í þeim. Nemendur eiga að geta unnið verkefnið í þörum eða litlum hópum án aðstoðar kennarans. Ein stöðin getur verið kennarastýrð og þar fá nemendur innlögn í einhverjum þeirra þátta sem þeir þurfa frekari leiðsagnar við. Í þeim tilvikum er gott að hafa í huga að skipta nemendum upp í hópa eftir stöðu þeirra í þeim efnisþætti sem kennari ætlar að taka fyrir í hverjum stöðvahring. Nemendur færast á milli stöðva eftir skipulagi sem kennari hefur sýnilegt í skólafunni.

Markmið

- Að skapa vinnuáðstæður í kennslustofunni þannig að gott svigrúm fái fyrir kennara að hafa innlögn fyrir litla nemendahópa.
- Að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Að skapa tækifæri fyrir nemendur til að fá fjölbreytta þjálfun í þeim viðfangsefnum sem kennd eru hverju sinni.

Framkvæmd

Uppsetning stöðva. Kennari setur upp 4–10 stöðvar í kennslurýminu og gætir þess að leiðbeiningar og viðeigandi námsgögn séu á hverri þeirra. Einnig þarf að tryggja að nægt rými sé fyrir þann fjölda nemenda sem hann ákveður að verði á hverri stöð. Mikilvægt er að vanda til verkefna í upphafi þannig að þau höfði bæði til mismunandi getustigs nemenda og ekki síður að þau séu endurnýtanleg í næsta hring með litlum eða engum breytingum.

Leiðbeiningar og sýnikennsla á stöðvum. Mjög mikilvægt er að kennari útskýri vel verkefni herrar stöðvar áður en byrjað er á fyrsta hring læsisstöðva. Eins þarf að upplýsa nemendur um hverjir vinna saman og hvernig þeir færast á milli stöðva þannig að allir viti hvar þeir eiga að vera á hverjum tíma. Vel getur reynst að æfa það að koma sér fyrir á fyrstu stöð og færa sig yfir á þá næstu. Tímanum er vel varið í upphafi með því að taka nokkrar mínútur í þessa þjálfun. Gangið úr skugga um að nemendur skilji myndræna skipulagið þar sem stöðvahringurinn er sýndur.

Frágangur á verkefnum. Á sumum stöðvum verður afrakstur verkefnavinnunnar sýnilegur og hann þarf að varðveita. Kennarar verða að útskýra fyrir nemendum áður en byrjað er hvar þeir eigi að skila af sér slíkum verkefnum. Í einhverjum tilvikum er mögulega hægt að geyma vinnuna á viðkomandi stöð, í möppu merktri nemanda eða í skúffu þar sem nemendur geyma önnur verkefni (þar er þó e.t.v. meiri hættu á að verkefnið tynist). Í öðrum tilvikum gæti kennari beðið nemendur um að skila verkefni í bakka hjá kennara, t.d. ef kennari ætlar að fara yfir vinnu nemenda.

Fylgst með framvindu. Mikilvægt er að kennari hafi yfirsýn yfir vinnu eða vinnubrögð nemenda á milli vinnulota. Þótt skipulagið geri ráð fyrir að kennari sé upptekinn með hóp á kennarastýrðu stöðinni er gott að gera ráð fyrir t.d. 5 síðustu mínútunum þar sem sá hópur getur unnið sjálfstætt á meðan kennarinn metur vinnu nemenda á hinum stöðvunum. Eins gæti verið gott í upphafi að sleppa kennarastýrðu stöðinni, til að koma nemendum vel af stað, eða seinna meir ef kennari vill meta nemendur í stöðvavinnunni.

Endurskipulagning stöðva. Eftir hvern hring þarf kennari að vega og meta hvaða stöðvar hann vill vinna áfram með, hverju hann vill breyta og hvaða nýjum stöðvum hann vill bæta inn með tilliti til þess viðfangsefnis sem hann ætlar að leggja inn á þessum tíma. Ekki ætti að þurfa að breyta nema að hámarki tveimur stöðvum fyrir hvern nýjan hring.

Til umhugsunar

Hópastærðir. Mörgum hugnast vel að hafa nemendur í þörum á stöðvunum á meðan aðrir kjósa að skipta nemendum upp í 3–5 manna hópa. Ef paraleiðin er valin þá má bregða á það ráð að taka tvö þör í einu á kennarastýrðu stöðina.

Tími á stöðvum. Viðfangsefni á stöðvunum og aldur nemenda ráða því hversu mikill tími er áætlaður á hverja stöð. Yngri nemendur hafa minna úthald en þeir eldri og það ber að hafa í huga. Ekki er nauðsynlegt að klára stöðvahringinn á einum degi, þannig að það á ekki að stýra tímalengdinni á hverri stöð.

Tillögur að verkefnum í læsisstöðvar

Stafsetning	Verkefnin geta verið allt frá því að skrifa/leira/móta orð af orða-vegg/spjöldum og upp í flóknari viðfangsefni eins og sóknar-skrift eða leiðréttingu með orðabók sér við hlið. Til að tryggja sjálfstæði í vinnubrögðum er gott að hafa fáar en skýrar reglur varðandi lausn verkefnis sem hengja má upp við stöðina.
Frjáls ritun	Stöðin er hlaðin efnivið fyrir alls kyns ritun: Blýantar, pennar, tússlitir, póstkort, minnisblokkir, línustrikuð blöð, efni til bóka-gerðar og hvaðeina sem hægt er að nota til að gera ritunina áhugaverða.
Paralestur	Nemendur skiptast á að lesa sinn hvora blaðsíðuna í sömu bók hvor fyrir annan. Gott er að hafa tvö eintök af bókinni sem lesin er svo báðir geti fylgst vel með og eins getur verið gott að setja reglur um það hvernig nemendur leiðrétta hvor annan.
Kennsluforrit	Fyrirfram ákveðin smáforrit eða kennsluforrit sem nemendur eiga að þjálfa sig í en þá getur verið gott að fá nemendum hlutverk þar sem annar gerir en hinn leiðbeinir ef þarf og skipta svo um hlutverk. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að verkefni séu leyst á handahófskenndan hátt og að tryggja samræður og endurgjöf um viðfangsefnið.
Lestrarspil	Úrval spila hefur verið gefið út og eru mörg þeirra tilvalin í stöðvavinnu ef þau falla að námsmarkmiðinu sem kennarinn hefur í huga en spil geta einnig eflt félagsfærni og þrautalausna-nálgun nemenda.
Lesskilningur	Mörg útprentanleg lesskilningsverkefni er að finna á vef MMS og eins hafa verið gefnar út vinnubækur með mörgum lestrar-bókum.
Fínhreyfingapjálfun	Ungir nemendur er misvel í stakk búnir að valda skriffæri og því getur verið gott að hafa einnig stöðvar sem bjóða upp á pjálfun fínhreyfinga eða aðra verklega pjálfun. Á <i>Læsisvefnum</i> má finna samantektina <i>Fínhreyfingapjálfun fyrir duglega krakka</i> en hún inniheldur margar hugmyndir að fínhreyfingapjálfun fyrir unga nemendur.